

RANNSÓKN Á SAMSETNINGU ÚRGANGS Í SKAFTÁRHREPPI

JANÚAR OG DESEMBER 2020



RESOURCE INTERNATIONAL EHF
Hlíðasmára 10
201 Kópavogi
www.resource.is
Tel: +354 571 5864

Titill: Rannsókn á samsetningu úrgangs í Skaftárhreppi – Janúar og desember 2020

Útgáfa: 1.0

Dagsetning útgáfu: 09/02/2021

Skýrsluhöfundur og eftirlitsaðili: Guðrún Fjóla Guðmundsdóttir

Gæðastjóri: Jón Örvar Jónsson

Viðskiptavinur:

Skaftárhreppur

Tengiliður: Ólafur Elvar Júlíusson

Skipulags- og byggingarfulltrúi Skaftárhrepps

Netfang / E-mail: bygg@klaustur.is

Þessi skýrsla er upphaflega skrifuð fyrir Skaftárhrepp. Frekari notkun eða samnýting á innihaldi þessarar skýrslu skal gert með samþykki Skaftárhrepps.

Upplýsingar um ráðgjafarfyrirtæki:

ReSource International ehf.

Vallakór 4, 2.h.

203 KÓPAVOGUR – Iceland

Sími: +354 571 5864

www.resource.is

Fyrirtækið ReSource International ehf. ber ekki ábyrgð á notkun gagna eða upplýsinga úr þessari skýrslu í öðru samhengi.

1 Samantekt

Rannsókn á samsetningu úrgangs fór fram dagana 28-29. janúar 2020 og 30. nóvember til 2. Desember 2020. Í þessari skýrslu er gert grein fyrir sýnatöku og meðhöndlun gagna. Gögnin sem sýnd eru, eru fyrri af tveimur og markar samsetningu úrgangs áður en sorphirðu er breytt í Skaftárhreppi.


Úrgangur var greindur í 33 flokka sem skiptast í 10 aðalflokka (sjá Tafla 3).

2 Inngangur

Í lok árs 2019 óskaði bæjarstjórn Skaftárhrepps eftir að ReSource International ehf. (RSI) myndi greina samsetningu úrgangs í hreppnum. Rannsóknin er hluti af stærra rannsóknarverkefni varðandi breytta sorphirðu í Skaftárhreppi, þar sem niðurstöðurnar eiga að sýna hvernig samsetning úrgangs er í hreppnum fyrir og eftir að sorphirðu er breytt.

Í janúar 2020 var úrgangi safnað heim að dyrum íbúa Skaftárhrepps í tveimur sorphílátum, annað fyrir endurvinnsluefni (pappír, pappa, plast og málma) og hitt fyrir blandaðan úrgang. Í febrúar það sama ár var sorphirðunni breytt. Sveitarfélaginu var skipt upp í 6 svæði þar sem hvert svæði var úthlutað sorphílátum á mismunandi hátt. Dreifbýlinu var skipt upp í fjögur svæði: Álftaver, Skaftártunga, Meðalland og Landbrot, Fljótshverfi og Síða. Þéttbýli var skipt upp í tvö svæði: Kirkjubæjarklaustur austan og vestan verslunar.

Rannsókn á samsetningu úrgangs fór fram dagana 28. og 29. janúar og dagana 30. nóvember, 1. og 2. desember 2020. Flokkuð voru sýni fyrir blandaðan- og flokkaðan úrgang frá öllum svæðum. Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar, áreiðanleika þeirra og þær túlkaðar. Svæðin eru sýnd á mynd 1 og í töflu Tafla 1 og fyrirkomulag sorphirðu má sjá í töflu 7 í viðauka.



Mynd 1. Svæðisskipting í tilraun um breytingu úrgangskerfa í Skaftárhreppi 2020.

Tafla 1. Svæðaskipting sorphirðu í Skaftárhreppi

Heiti svæðis	Svæðisnúmer	Flokkur	Lýsing
Álftaver	SV1	Dreifbýli	Þrjár tunnur, jöfn hirða, heim að dyrum
Skaftártunga, Meðalland eða Landbrot	SV2	Dreifbýli	Tvær tunnur, jöfn hirða, heim að dyrum
Fljótshverfi	SV3	Dreifbýli	Tveir gámar, hirða eftir þörf, grenndarstöð
Síða	SV4	Dreifbýli	Fjöldi gáma, hirða eftir þörf, grenndarstöð
Kirkjubæjarklaustur, austan verslunar	SV5	Þéttbýli	Endurvinnsluefni í forgangi, blandaður úrg. á grenndarstöð
Kirkjubæjarklaustur, vestan verslunar	SV6	Þéttbýli	Tvær tunnur, jöfn hirða, grenndarstöð

2.1 Tilgangur og markmið

Lagt er upp með að svara eftirfarandi spurningum :


- Hvaða áhrif hefur það að fjarlægja tunnu fyrir blandaðan úrgang? Hvernig breytist flokkun við það að setja hirðslu endurvinnsluefna í forgang?
- Hvetur það að sveitarfélagið útvegi tunnu til moltugerðar, og þá að hvaða leyti?

- Hefur það áhrif á flokkun að þurfa að keyra með efnin nokkra kílómetra?
- Eykst eða minnkar flokkun við að þurfa að taka efnin saman og keyra með þau á stað þar sem hægt er að flokka í fleiri flokka en hægt var heima að dyrum?

Þegar þessum spurningum hefur verið svarað verða lögð fram meðmæli að aðgerðum til aukinnar flokkunar úrgangs í sveitarfélaginu.

2.2 Aðferðafræði

Mynd 2 sýnir skipurit af aðferðafræði ReSource International ehf. við flokkun úrgangs. Framkvæmd rannsóknarinnar hófst á sýnatöku í janúar 2020. Á þeim tíma var fyrirkomulag sorphirðu þannig að íbúar höfðu gráa tunnu og græna tunnu, ýmist eitt eða fleiri ílát á heimili. Í gráu tunnuna fór blandaður úrgangur og lífrænn úrgangur. Í grænu tunnunni fórum endurvinnsluefni, pappírs- og pappaúrgangur, plast og málmur. Öll ílát voru hirt við heimili, gráa tunnann tvisvar í mánuði og græna tunnann einu sinni í mánuði. Tvö sýni voru tekin úr þéttbýli og tvö úr dreifbýli. Í þéttbýlinu voru tekin handahófskennd sýni úr hverju íláti í Skaftárvelli, Túngötu og Skerjavelli, úrgangur úr gráu tunnunni var merktur sem blandaður úrgangur og úrgangur úr grænu tunnunni var merktur endurvinnsluefni. Sambærilegt var gert fyrir sýnin í dreifbýli, nema sýni voru tekin frá færri heimilum en í þéttbýli.



Mynd 2. Skipurit af framkvæmd rannsóknarinnar á samsetningu úrgangs.


Seinni flokkun fór fram 30. nóvember til 2. desember 2020. Sýni voru tekin með sambærilegum hætti og í fyrri sýnatöku, þ.e. það var keyrt og gengið á milli íláta og þokar valdir af handahófi úr hverju íláti. Sýnunum var safnað í sorpkör (660L) sem fest voru á kerru. Tafla 2 sýnir dagsetningu sýnatöku og dagsetningu flokkunar.

Tafla 2. Dagsetningar á sýnatökum og flokkun sýna

Nafn sýnis	Sýnataka	Dagsetning flokkunar
Péttbýli – Blandaður úrgangur	28/01/2020	28/01/2020 29/01/2020
Péttbýli – Endurvinnsluefni	28/01/2020	28/01/2020
Dreifbýli – Blandaður úrgangur	28/01/2020 29/01/2020	29/01/2020
Dreifbýli – Endurvinnsluefni	29/01/2020	29/01/2020
Álftaver – Blandaður úrgangur	01/12/2020	02/12/2020
Álftaver – Endurvinnsluefni	01/12/2020	02/12/2020
Gámavöllur – Blandaður úrgangur	02/12/2020	02/12/2020
Gámavöllur – Endurvinnsluefni	02/12/2020	02/12/2020
Fljótshverfi – Blandaður úrgangur	01/12/2020	01/12/2020
Fljótshverfi - Endurvinnsluefni	01/12/2020	01/12/2020
Kirkjubæjark. Austan verslunar – Blandaður úrgangur	02/12/2020	02/12/2020
Kirkjubæjark. Vestan verslunar – Blandaður úrgangur	02/12/2020	02/12/2020
Kirkjubæjarklaustur – Endurvinnsluefni	27/11/2020	30/11/2020
Skaftártunga, Meðalland, Landbr. – Blandaður úrgangur	01/12/2020	02/12/2020
Skaftártunga, Meðalland, Landbr. - Endurvinnsluefni	01/12/2020	02/12/2020

2.3 Verkfæri og flokkunaraðstaða

Flokkunaraðstaðan var í húsnæði fyrrum sorpbrennslustöðvar Skaftárhrepps við sundlaugina á Kirkjubæjarklaustri. Við flokkunina var notað eitt borð, 17 minni ílát, 3 - 6 stór ílát og 10 -13 miðlungs stór ílát. Við fyrri flokkunina var notuð upphengd vigt með nákvæmni upp á 100 g, en í seinni voru notaðar tvær vigtir; hangandi vigt (með nákvæmni upp á 10 g) og standandi vigt (með nákvæmni upp á 1 gramm).



Mynd 3. Aðstaða og uppsetning flokkunar

2.4 Flokkun

Flokkunin var framkvæmd af starfsmanni RSI og starfsmönnum í áhaldahúsi við Skaftárhrepp. Hver úrgangsflokkur var flokkaður í sérílát, þau vigtuð tóm og full, og þyngd skráð. Eftirlit var haft með að allur úrgangur væri flokkaður rétt og ef rangt var flokkað var flokkun endurtekin.

Flokkun fer þannig fram að fyrst eru þokar opnaðir, plast og pappír fjarlægð og timbur og bleyjur flokkaðar. Næst er leitað að textíl, kertum, gler, málmum, snyrtivörum, rafhlöðum, raftækjum, spilliefnum og öðru þar til lífrænn úrgangur og steinefni standa ein eftir. Loks eru steinefni og lífræn úrgangur flokkað. Við úrgangsflokkun er ekki alltaf skýr munur á „Lífrænn eldhúsúrgangur“ og „Annar


lífrænn úrgangur“ (sjá skýringar í Tafla 3). Þetta veldur óvissu við samanburð á magni úrgangs milli þessara undirflokka, milli ára og milli hverfa.

Tafla 3. Úrgangsflokkar og skýringar


Nr.	Flokkur	Aðalflokkur	Dæmi / skýringar
1	Bylgjupappír	Pappír	
2	Sléttur pappír		allur sléttur pappír (þykkari-krumpast ekki í bolta), t.d. fernur, morgunkornskassar og aðrir kassar, bréfpokar / umbúða- og gjafapokar, sandpappír, eldhúsrúllu-/klósettpappírshólkar
3	Pappír		allur pappír, t.d. dagblöð, tímarit, nótur, kvittanir, umslög, skrifstofupappír
4	Filmuplast - ólitað / óáprentað	Plast	t.d. matarfilma, glærir plastpokar o.fl. 98/2 (98% glært / 2% áprent)
5	Filmuplast - litað / áprentað		t.d. plastpokar, mjúkar plastumbúðir
6	Plastumbúðir (annað en filmuplast)		t.d. plastbrúsar og -dósir, jógúrt-og skyrdósir, glærar plastumbúðir/bakkar, plastbakkar-kjötumbúðir, plastumbúðir undan áleggi, frauðplastumbúðir
7	Frauðplast		
8	Annað plast		t.d. tannbursti, uppþvottabursti, pennar, kaðlar og spottar, leikföng, skrifstofumöppur, kveikjari, eyrnarpinnar, smokkar, þvottaklemmur, húsgögn, uppþvottahanskar, latexhanskar, plöstuð blöð, plast utanaf bjúgu, þvagleggur og þh., svampur, gúmmí, blöðrur, gólfdukur, tóm lyfjaspjöld, léttvínstappar úr plasti
9	Lífbrjótanlegt plast		t.d. maispokar (til moltugerðar og niðurbjótanlegir)
10	Skilagjaldssk. drykkjarv.umb. - plast		Skilagj.sk. drykkjarv.umb.
11	Skilagjaldssk. drykkjarv.umb. - gler		
12	Skilagjaldssk. drykkjarv.umb. - málmur		
13	Föt / klæði / textílvara	Textíll/Kerti	t.d. föt, klæði, púðar, koddar, sængur, dýnur, skór, töskur, ferðatöskur, moppur, tuskur, sandpappír (efniskennari)
14	Kertaafgangar		
15	Málmur - segulmagnanlegir	Málmur	t.d. niðursuðudósir, málmílát, málmhlutir, járn, naglar, tómir úðabrúsar, málmlok
16	Málmur - ósegulmagnanlegir		t.d. álpappír, álbakkar, sprittkertakoppar, ryðfrí hnifapör og annað ryðfrítt, rafmagnvír og kopar
17	Steinefni	Steinefni	t.d. gler,postulín, keramik, sandur, steypa, grjót, mól, kattasandur, flísar
18	Gífs		
19	Timbur - EKKI hvítmálað eða plasthúðað	Timbur	
20	Timbur - hvítmálað / plasthúðað		
21	Lífrænn niðurbjótanlegur eldhúsúrgangur	Lífrænn úrgangur	Flestar matarleifar, eldaðir kjöt- og fiskafgangar, tepokar, kaffipokar, kaffikorgur, servíettur, eldhúsbref, sag undan litlum gæludýrum,
22	Annar lífrænn niðurbjótanlegur úrgangur		Hráir kjöt- og fiskafgangar, bein, skítur, korktappar, sjampó, sápa, uppsóp, sigarettustubbar, sag
23	Garðaúrgangur		t.d. gras, trjágreinar, laufblöð, pottablóm, mold, afskorin blóm
24	Snyrtivörur	Spilliefni/Raft.	t.d. förðunarvörur, krem, ilmvötn
25	Lyf		
26	Ljósaperur		
27	Raflöður		
28	Raftæki og rafeindatæki		t.d. símar, fjarstýringar, vasareiknir, snúrur, rafstýrð/-knúin leikföng
29	Spilliefni		t.d. málning, þvottaefni, hreinsiefni, kvíkasílfurhitamæli, naglalakk,
30	Bleyjur		t.d. bleiur, bleiustykki, dömubindi, túrtappar
31	Ryksugupokar	Bleyjur/Ryksugupokar	heilir ryksugupokar
32	Gúmmí		

3 Niðurstöður

Meðalsamsetning úrgangs í janúar og desember 2020 er sýnd næstu fjórum kökuritum (mynd 4 -7). Í janúar 2020 var sorphirðan í Skaftárhreppi þannig að hvert heimili hafði tunnu fyrir blandaðan úrgang og tunnu fyrir endurvinnslufni (pappír, pappi, plast og málmar). Þessi sorphlát voru sótt á föstum dagsetningum. Niðurstöður fyrri flokkunar í janúar 2020 má sjá á myndum 4 og 5:



Mynd 4. Meðalsamsetning blandaðs úrgangs í Skaftárhreppi í janúar 2020




Mynd 5. Meðalsamsetning flokkaðs úrgangs í Skaftárhreppi í janúar 2020


Á myndum 3 og 4 sést meðalsamsetning blandaðs- og flokkaðs úrgang í janúar 2020. Stærstu 3 efnistegundir í blönduðum úrgangi í janúar var lífrænn úrgangur (49,7%), plast (14,6%) og pappír (8,6%). Hluti steinefna og textíls er einnig áberandi með 15,2% samtals. Þrír stærstu flokkar flokkaðs úrgangs í janúar 2020 voru þeir sömu í blönduðum úrgangi, þ.e. pappír (33,2%), lífrænn úrgangur

(27,2%) og plast (21,3%). Hluti lífrænn úrgangur í samsetningu flokkaðs úrgangs á mynd 5 er stærri en vænta má í flokkuðum úrgangi. Þessi lífræni úrgangur hefur að öllum líkindum orðið vegna ósættis sem hafði myndast milli íbúa og sorphirðuaðila í sveitarfélaginu. Vantraustið varð til þess að íbúar settu blandaðan úrgang í endurvinnslutunnuna og sorphirðuaðilar hirtu endurvinnsluefni með blönduðum úrgangi.

Í desember 2020 komu niðurstöður úr seinni flokkun. Út frá niðurstöðunum er áætlað að rýna í þær breytingar sem gerðar voru á sorphirðu í sveitarfélaginu að tillögu RSI. Þessar breytingar voru innleiddar í febrúar 2020, mánuði eftir að fyrri flokkun lauk. Breytingar fólu í sér að Skaftárhreppi var skipt niður í sex svæði (sjá töflu 1 og mynd 1), þar sem fyrirkomulag sorphirðuiláta var sett upp á mismunandi hátt á svæðunum (sjá nánari lýsingu á fyrirkomulagi í töflu 7 í viðauka). Niðurstöður seinni flokkunar má sjá á myndum 5 og 6.



Mynd 6. Meðalsamsetning blandaðs úrgangs í Skaftárhreppi í desember 2020




Mynd 7. Meðalsamsetning flokkaðs úrgangs í Skaftárhreppi í desember 2020

Á myndum 5 og 6 sést meðalsamsetning blandaðs- og flokkaðs úrgangs í desember 2020. Þrír stærstu efnisflokkar blandaðs úrgangs í desember 2020 var lífrænn úrgangur (36,1%), bleyjur/ryksugupokar (17,8%) og plast (11,8%). Samsetningin blandaðs úrgangs breyttist á tímabilinu þannig að hlutur lífræns úrgangs, plasts og pappírs drógst saman, á meðan bleyjur og ryksugupokar tóku stærri sess í blandaða úrganginum.


Tveir stærstu efnisflokkar flokkaðs úrgangs í desember 2020 var pappír (68,8%) og plast (22,8%). Mikil framför hefur átt sér stað í flokkun úrgangs í Skaftárhreppi á tímabilinu sem endurspeglast í samsetningu flokkaðs úrgangs, þar sem hlutfall pappírs og plasts hefur farið frá 54,5% í 91,6%.

3.1 Samsetning úrgangs í þéttbýli

Sýnatöku í sveitarfélaginu var skipt upp í þéttbýli og dreifbýli og á myndum 8, 9, 10 og 11 má sjá breytingu á samsetningu úrgangs á tímabilinu.



Mynd 8. Breyting á samsetningu blandaðs úrgangs í þéttbýli á tímabilinu jan til des 2020.




Mynd 9. Breyting á samsetningu flokkaðs úrgangs í þéttbýli á tímabilinu jan til des 2020.


Samsetning blandaðs úrgangs í þéttbýli hefur breyst þannig að hlutfall lifræns úrgangs, bleyja og timburs hefur aukist og hlutfall plasts, steinefna, kerta og pappírs- og pappáúrgangs hefur dregist saman á tímabilinu. Samsetning efna í endurvinnslutunnunni hefur tekið mestum breytingum af þeim ílátum sem skoðuð voru. Þannig fór hlutfall lifræns úrgangs úr rúmlega 53,7% í nánast ekkert (0,02%), og sömuleiðis dróst úr hlutfalli steinefna úr 15,4% í 0,4%. Hlutfall plasts og pappírs- og pappáúrgangs jókst og þau efni sem áður voru 25,0% samtals voru tæplega ári seinna orðin 97,9% samtals

3.2 Samsetning úrgangs í dreifbýli

Breyting á samsetningu úrgangs í dreifbýli má sjá á myndum 10 og 11.



Mynd 10. Breyting á samsetningu blandaðs úrgangs í dreifbýli á tímabilinu jan til des 2020



Mynd 11. Breyting á samsetningu flokkaðs úrgangs í dreifbýli á tímabilinu jan til des 2020



Aukning hefur orðið á hlutfalli bleyja, steinefna, kerta og timburs í blandaða úrganginum og yfir heildina litið hefur samsetningin orðið fjölbreyttari á tímabilinu. Hlutfall lífræns úrgangs hefur dregist saman á frá því í janúar sama ár, sem má útskýra með aukinni fjölbreytni í samsetningu blandaða úrgangsins eða vegna aukinnar moltugerðar í dreifbýli (hefur ekki verið staðfest). Samsetning endurvinnsluefna hefur breyst þannig að aukning er á hlutfalli pappír- og pappáúrgangi úr 50,7% í 68,3%. Hlutfall plasts dróst saman úr 33,3% í 21,7% og hlutfall málna dróst saman ut 8,7% í 3,9%.

3.3 Svæðisskipting



Sveitarfélaginu skipt upp í dreifbýli og þéttbýli. Dreifbýlinu var skipt upp í fjögur svæði: Álftaver, Skaftártunga, Meðalland og Landbrot, Fljótshverfi og Síða. Þéttbýli var skipt upp í tvö svæði: Kirkjubæjarklaustur austan og vestan verslunar. Flokkuð voru sýni fyrir blandaðan- og flokkaðan úrgang frá öllum svæðum. Niðurstöður þeirrar flokkunar er greind hér að neðan.

3.3.1 Álftaver, Skaftártunga, Meðalland og Landbrot

Í Álftaveri var úrgangskerfinu breytt þannig að hirða blandaðs- og flokkaðs úrgangs er nú jafn tíð, á föstum dagsetningum. Úrgangskerfi Álftavers og Skaftártungu, Meðallands og Landbrots voru þar með eins. Allir íbúar voru hvattir til að moltugera lífrænan úrgang heimavið og stóð íbúum Álftavers til boða að fá moltugerðartunnu, en flestir afþökkuðu hana. Ein helsta ástæða þess var að íbúar sögðust henda litlu magni af lífrænum úrgangi. Samsetning blandaðs- og flokkaðs úrgangs Álftavers og Skaftártungu, Meðallands og Landbrots má sjá á mynd 12 og 13.



Mynd 12. Samsetning blandaðs - og flokkaðs úrgangs í Álftaveri í desember 2020.




Mynd 13. Samsetning blandaðs - og flokkaðs úrgangs í Skaftártungu, Meðallandi og Landbroti í desember 2020.

Tveir stærstu flokkar í samsetningu blandaðs úrgangs á svæðunum tveimur eru lífrænn úrgangur og bleyjur. Hluttur lífræns úrgangs, plasts og pappírs í blandaða úrganginum hefur dregist saman á tímabilinu og hluttur bleyja aukist (samanburður mynd 4, 13 og 14, sjá einnig töflu 4). Flokkaður úrgangur er ekki eins á svæðunum tveimur, en í Álftaveri eru steinefni (gler) og málmar meira áberandi en í Skaftártungu, Meðallandi og Landbroti. Ljóst er að misskilningur á sér stað varðandi farveg glers sem mætti skýra út fyrir íbúum.

3.3.2 Fljótshverfi

Í Fljótshverfi var hætt að sækja úrgang heim að dyrum þannig að soppílát voru fjarlægð og grenndarstöð sett upp við Vallaveg. Við Vallaveg var tveimur gámum komið fyrir, annar fyrir pappír og plast og hinn fyrir blandaðan úrgang. Fylli gámana hefur verið vaktað með snjallmælum þannig að gámarnir yfirfyllast aldrei, sem kemur í veg fyrir óþrifnað og að úrgangur fjúki. Þar að auki voru íbúar hvattir til að moltugera lífrænan úrgang heimavið. Samsetning blandaðs- og flokkaðs úrgangs Fljóthverfis má sjá á mynd 15.




Mynd 14. Samsetning blandaðs - og flokkaðs úrgangs í Fljótshverfi í desember 2020

Þrír stærstu flokkarnir í samsetningu blandaðs úrgangs í Fljótshverfi eru bleyjur, plast og lífrænn úrgangur. Áhugavert þykir að hlutfall plasts er hærra en hlutfall lífræns úrgangs í blandaða úrganginum, sérstaklega í ljósi þess að söfnun plasts er til staðar í gámnum við hliðina. Einnig er hlutur pappírs ríflegur í samsetningu blandaða úrgangsins samanburði við hlut pappírs á öðrum svæðum í sveitarfélaginu. Hlutur plasts í flokkaða úrganginum er einnig meiri en á öðrum svæðum í sveitarfélaginu, en það kann að vera vegna heyrúlluplastsins sem þar safnast (heyrúlluplast safnast helst í dreifbýli um haust, vetur og vor).

3.3.3 Síða

Á Síðu var hætt að sækja úrgang heim að dyrum, líkt og í Fljótshverfi. Íbúum á Síðu var þannig gert að fara með úrganginn sinn á gámavöll Skaftárhrepps sem er staðsettur við Kirkjubæjarklaustur, austan við Skaftárbrú. Á Gámavöllunum eru 12 gámar þar sem flokka má: grófan úrgang, hjólbarða, málað timbur, hreint timbur, málma, heyrúlluplast, raftæki, lífrænan úrgang, nytjahluti, gler, spilliefni, pappír- og pappauúrgang. Rauði krossinn safnar textíl í gám utan við gámavöllinn.




Mynd 15. Samsetning blandaðs - og flokkaðs úrgangs á Gámavelli í desember 2020

Þrír stærstu flokkarnir í samsetningu blandaðs úrgangs á gámavöllumunum eru lífrænn úrgangur, textíll og plast. Hlutur lífræns úrgangs, pappírs og plasts í blandaða úrganginum hefur dregist saman á tímabilinu og hlutur bleyja og steinefna hækkað (samanburður á myndum 4 og 15, sjá einnig töflu 4). Mælt er til þess að flytja gáma Rauða krossins inn á gámavellina og minna íbúa á að gámurinn sé fyrir allan textíl, til þess að draga úr hlut textíls í blandaða úrganginum. Sýni fyrir flokkaða úrganginn var tekið úr tveimur gámum þannig að samsetningin er aðeins vísbending um flokkun. En þetta var gert til þess að fá samanburðarhæft graf fyrir flokkaðan úrgang frá Gámavellinum þó svo flokkunin sé með öðru móti þar. Þó að lífrænn úrgangur hafi fundist í flokkaða úrganginum þýðir það ekki að flokkuninni hafi farið aftur, heldur getur það orsakast þegar fólk fer að flokka meira án þess að hreinsa umbúðir.

3.3.4 Kirkjubæjarklaustur, Skaftárvellir

Á Kirkjubæjarklaustri austan verslunar var ílátum fyrir blandaðan úrgang staðsett fyrir miðju hverfisins og sorphirðulát á endurvinnsluefnum voru við heimilin. Sorphílatin voru staðsett þannig að íbúar þurftu ekki að ganga langt, eða þau væru við inngang/útgang hverfanna. Þannig voru tvær tegundir sorphílata, önnur fyrir endurvinnsluefni (pappír, pappi, plast og málmar) og hin fyrir blandaðan úrgang.




Mynd 16. Samsetning blandaðs - og flokkaðs úrgangs á Kirkjubæjarklaustri, austan verslunar í desember 2020

Þrír stærstu flokkar í samsetningu blandaðs úrgangs eru lífrænn úrgangur, bleyjur og plast og saman eru þeir 94%. Hlutfall lífræns úrgangs hefur aukist í samsetningu blandaða úrgangsins á tímabilinu (samanburður myndar 4 og 16, sjá einnig töflu 4). Vert væri að skoða hvað veldur þessari hlutfallaskiptingu, en leikskólinn á Kirkjubæjarklaustri er innan svæðisins (þó voru sýni ekki tekin úr sorphílatum leikskólans). Þegar taka átti sýni fyrir flokkaðan úrgang á Kirkjubæjarklaustri höfðu sorphílat verið tæmd fyrir allt þéttbýlið, og því ekki hægt að aðskilja svæðin tvö (Kirkjubæjarklaustur austan og vestan verslunar). Þannig er aðeins eitt graf fyrir samsetningu flokkaðs úrgangs á Kirkjubæjarklaustri. Samsetning flokkaða úrgangsins er með svipuðu móti og á öðrum svæðum, en niðurstöðurnar sýna að 97,9% er pappír, pappi og plast. Mikilvægi þessara niðurstaðna er að hér sést að íbúar, sem hafa fengið betri þjónustu á endurvinnsluefnum en blönduðum úrgangi, hafa ekki komið blönduðum úrgangi fyrir í

endurvinnslutunnuna. Þessi niðurstaða fellir tilgátuna um að ekki sé hægt að draga úr þjónustu við blandaðan úrgang (vegna þess að það hafi neikvæð áhrif á samsetningu flokkaðs úrgangs, því fólk reyni að spara sér ferð).

3.3.5 Kirkjubæjarklaustur, vestan verslunar

Á Kirkjubæjarklaustri vestan verslunar var hætt að hirða úrgang við heimili og í stað var sameiginlegum sorphátum komið fyrir í íbúagötum. Sorphátin voru staðsett þannig að íbúar þurftu ekki að ganga lengra en 50 m, eða þau væru við inngang/útgang hverfanna. Boðið var upp á tvær tegundir sorpháta, önnur fyrir endurvinnslufni (pappír, pappi, plast og málmar) og hin fyrir blandaðan úrgang. Þó urðu einhver mótmæli við uppsetningu þannig að nokkur heimili á svæðinu fengu að halda sorphátunum sem hefur áhrif á túlkun niðurstaðanna, en taka skal fram að flestir íbúar voru fegnir að losna við sorphátin við heimili sín.



Mynd 17. Samsetning blandaðs úrgangs á Kirkjubæjarklaustri, vestan verslunar í desember 2020

Þrjú stærstu flokkar í samsetningu blandaða úrgangsins eru lífrænn úrgangur, timbur og steinefni. Hluttur lífræns úrgangs er minnstur á þessu svæði í samanburði við önnur svæði sem voru skoðuð.

Mikill munur er á samsetningu blandaðs úrgangs á Kirkjubæjarklaustri. Hvað veldur þessum mun er óljóst í augnablikinu en vonir standa til að frekari svör fáiast þegar búið verður að vinna úr skoðanakönnun sem framkvæmd var á sama tímabili af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og er væntanleg í janúar 2021.

Tafla 4. Samsetning blandaðs úrgangs í janúar og í desember eftir svæðaskiptingu (ár 2020).

Blandaður úrgangur Flokkar	Meðaltal	Skaftártunga, Meðalland, Landbrot		Fljóts- hverfi	Síða	Kirkjubæjark., Skaftárvellir	Kirkjubæjark., vestan verslunar
	Jan	Des	Des	Des	Des	Des	Des
Bleyjur/Ryksugupokar	7,2%	11,9%	15,4%	30,0%	10,1%	26,5%	12,9%
Lífrænn úrgangur	49,7%	45,0%	39,6%	13,7%	34,1%	59,0%	25,0%
Málmur	2,1%	2,4%	3,6%	2,8%	1,6%	1,6%	0,8%
Pappír	8,6%	6,6%	4,0%	9,8%	5,6%	2,4%	10,6%
Plast	14,6%	9,7%	12,1%	15,7%	13,7%	8,5%	11,2%
Skilagj.sk.drykkjarv.um búðir	0,3%	0,2%	2,6%	5,4%	1,6%	0,1%	0,0%
Spilliefni/Raftæki	2,4%	0,3%	0,2%	2,3%	4,5%	0,5%	2,6%
Steinefni	7,6%	0,7%	20,4%	10,0%	9,4%	0,0%	15,6%
Textíll/Kerti	7,6%	11,7%	0,3%	6,4%	18,3%	1,4%	2,4%
Timbur	0,0%	11,6%	1,7%	3,9%	1,0%	0,1%	18,9%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Flokkurinn bleyjur/ryksugupokar hefur aukist á öllum svæðum sveitarfélagsins á tímabilinu. Þessi flokkur getur hafa stækkað vegna breytingar á þýði sveitarfélagsins (þ.e. nýliðun og eldra fólk hefur elst) og heimsfaraldur hafi ollið breytingum á úrgangi á tímabilinu. Taka skal tillit til að vegna breytingar í þessum flokki hefur áhrif á hlutfall annarra flokka í rannsókninni um samsetningu úrgangs. Hlutfall timburs hefur einnig aukist á öllum svæðum sveitarfélagsins á tímabilinu og hlutfall steinefna hefur aukist á fjórum af sex svæðum.

Hlutfall máлма, gjaldskyldra drykkjarvöruumbúða hefur að mestu leyti haldist stöðugt, þ.e. dregist saman á 3 svæðum og aukist á 3 svæðum af 6. Á heildina litið hefur hlutur lífræns úrgangs dregist saman (í 5/6 svæðum), sem mætti útskýra með aukningu bleyju/ryksugupoka (aukinn hluti bleyja dregur úr hlut annarra flokka) eða að moltugerð hefur færst í aukana. Sömuleiðis dróst úr hlutfalli plasts í 5 af 6 svæðum og einnig dróst úr hlutfalli pappírs, spilliefna, textíls/kerta (4/6 svæðum). Töflur í viðauka sýna frekari skiptingu á samsetningu blandaðs og flokkaðs úrgangs.

4 Samantekt

Lagt var upp með að svara spurningum sem nefnd voru til að byrja með (og sjá má í töflu 7 í viðhengi).

Hvaða áhrif hefur það að fjarlægja tunnu fyrir blandaðan úrgang? Hvernig breytist flokkun við það að setja hirðu endurvinnslufna í forgang?

- Þegar samsetning blandaðs úrgangs á tveimur svæðum Kirkjubæjarklausturs er borin saman er ljóst að óþægindin við að fara með blandaðan úrgang á grenndarstöð dregur úr hlutfalli endurvinnslufna í blönduðu tunnunni
- Þar að auki er ljóst að notendur sorphirðunnar reyna ekki að koma blönduðum úrgangi fyrir í endurvinnslutunnum til þess að spara sér ferðina í grenndarstöðina
- Þannig er talið að fyrirkomulag sorphirðunnar þar sem endurvinnslufni eru sett í forgang og blandaður úrgangur var komið fyrir á grenndarstöð hafi jákvæðar afleiðingar á endurheimt endurvinnslufna

Hvetur það að sveitarfélagið útvegi tunnu til moltugerðar, og þá að hvaða leyti?

- Moltugerðartunnur fengu dræmar undirtektir í Álftaveri og fjárfesting sveitarfélagsins á moltutunnum skilaði ekki árangri nema í þeim tilfellum sem íbúar voru sjálfir tilbúnir í breyttar venjur

Hefur það áhrif á flokkun að þurfa að keyra með efnin nokkra kílómetra?

- Þar sem íbúar hafa keyrt úrganginn sinn á gámastöð með aðeins einn flokkunarmöguleika (Fljótshverfi), fundust fleiri endurvinnslufni í blönduðu tunnunni en áður en breytingar áttu sér stað
- Þannig er talið að fyrirkomulag sorphirðunnar hafi neikvæð áhrif á endurheimt endurvinnslufna

Eykst eða minnkar flokkun við að þurfa að taka efnin saman og keyra með þau á stað þar sem hægt er að flokka í fleiri flokka en hægt var heima að dyrum?

- Þegar litið er á samsetningu blandaðs úrgangs í Fljótshverfi og á Síðu (á Gámavöllunum) er hægt að draga þá ályktun að þegar boðið er upp á fleiri flokkunartegundir, þá minnkar magn endurvinnslufna í blandaða úrganginum
- Fleiri flokkar = aukin flokkun
- Þannig er talið að fyrirkomulag sorphirðu þar sem boðið er upp á fleiri flokkunarmöguleika hafi jákvæðar afleiðingar á endurheimt endurvinnslufna

Aðrar spurningar sem verður hægt að svara þegar niðurstöður úr rannsókn Félagsvísindastofnunar liggja fyrir:

1. Eru færri sem moltugera heima við ef það þarf að ganga með öll efni á flokkunarstöð?
2. Hvernig er ánægja íbúa með umhverfis- og efnahagslega hvata?
3. Eykst/dregst úr matarsóun þegar fólk moltugerir lífræna úrganginn sinn?
4. Hefur það áhrif á líðan íbúa að hætta að sækja úrgang heim að dyrum?
5. Eru íbúar jákvæðari yfir breytingunum ef þjónustustiginu er haldið að mestu leiti óbreyttu?
6. Hver verður breytingin á keyrsla á stórum bifreiðum við sorphirðu og hver er kostnaðarmunurinn samanborið við núverandi kostnað?

4.1 Ráðleggingar/tilmæli

Eftirfarandi ráðleggingar eru byggðar á niðurstöðum úrgangsflokkunar í Skaftárhreppi, en áætlað er að þessar aðgerðir auki flokkun úrgangs í sveitarfélaginu:

- Færa söfnunargám textíls inn á Gámavellina
- Fjölga flokkunartegundum við gámastöð Fljóthverfis
- Safna blönduðum úrgangi á grenndarstöð og endurvinnsluefni við heimili í þéttbýli
- Moltugerðartunnur boðnar þeim sem hafa áhuga á að hefja moltugerð
- Skýrari tilmæli til íbúa um hvað á og má fara í ílát flokkaðs og blandaðs úrgangs

5 Viðauki

Tafla 5. Samsetning blandaðs- og flokkaðs úrgangs í þéttbýli í Skaftárhreppi 2020

Þéttbýli 2020	Blandaður úrgangur		Endurvinnsluefni	
	Jan	Des	Jan	Des
Bleyjur/Ryksugupokar	11,0%	19,7%	0,6%	0,6%
Lífrænn úrgangur	36,7%	42,0%	53,7%	0,0%
Málmar	2,6%	1,2%	1,5%	0,2%
Pappír	8,1%	6,5%	15,7%	70,7%
Plast	14,5%	9,8%	9,4%	27,2%
Skilagj.sk.drykkjarv.umbúðir	0,6%	0,0%	1,2%	0,0%
Spilliefni/Raftæki	2,0%	1,5%	0,6%	1,0%
Steinefni	12,1%	7,8%	15,4%	0,4%
Textíll/Kerti	12,4%	1,9%	1,8%	0,0%
Timbur	0,0%	9,5%	0,0%	0,0%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Tafla 6. Samsetning blandaðs- og flokkaðs úrgangs í dreifbýli í Skaftárhreppi 2020

Dreifbýli 2020	Blandaður úrgangur		Endurvinnsluefni	
	Jan	Des	Jan	Des
Bleyjur/Ryksugupokar	3,3%	16,8%	0,0%	0,2%
Lífrænn úrgangur	62,6%	33,1%	0,6%	1,1%
Málmar	1,5%	2,6%	8,7%	3,9%
Pappír	9,1%	6,5%	50,7%	68,3%
Plast	14,8%	12,8%	33,3%	21,7%
Skilagj.sk.drykkjarv.umbúðir	0,0%	2,5%	0,0%	0,0%
Spilliefni/Raftæki	2,9%	1,8%	5,0%	0,3%
Steinefni	3,0%	10,1%	0,0%	4,2%
Textíll/Kerti	2,7%	9,2%	0,6%	0,4%
Timbur	0,0%	4,6%	1,2%	0,0%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Tafla 7. Samsetning blandaðs úrgangs í janúar og desember 2020. Samanburður á dreifbýli og svæði í dreifbýli

	Blandaður úrgangur - Dreifbýli	Skaftártunga, Meðalland, Landbrot			
		Álftaver	Landbrot	Fljótshverfi	Síða
	Jan	Des	Des	Des	Des
Bleyjur/Ryksugupokar	3,3%	11,9%	15,4%	30,0%	10,1%
Lífrænn úrgangur	62,6%	45,0%	39,6%	13,7%	34,1%
Málmar	1,5%	2,4%	3,6%	2,8%	1,6%
Pappír	9,1%	6,6%	4,0%	9,8%	5,6%
Plast	14,8%	9,7%	12,1%	15,7%	13,7%
Skilagi.sk.drykkjarv.umbúðir	0,0%	0,2%	2,6%	5,4%	1,6%
Spilliefni/Raftæki	2,9%	0,3%	0,2%	2,3%	4,5%
Steinefni	3,0%	0,7%	20,4%	10,0%	9,4%
Textíll/Kerti	2,7%	11,7%	0,3%	6,4%	18,3%
Timbur	0,0%	11,6%	1,7%	3,9%	1,0%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Tafla 8. . Samsetning blandaðs úrgangs í janúar og desember 2020. Samanburður á þéttbýli og svæði í þéttbýli

	Blandaður úrgangur - Þéttbýli	Kirkjubæjarklaustur, Skaftárvellir	
		Kirkjubæjarklaustur, vestan verslunar	
	Jan	Des	Des
Bleyjur/Ryksugupokar	11,0%	26,5%	12,9%
Lífrænn úrgangur	36,7%	59,0%	25,0%
Málmar	2,6%	1,6%	0,8%
Pappír	8,1%	2,4%	10,6%
Plast	14,5%	8,5%	11,2%
Skilagi.sk.drykkjarv.umbúðir	0,6%	0,1%	0,0%
Spilliefni/Raftæki	2,0%	0,5%	2,6%
Steinefni	12,1%	0,0%	15,6%
Textíll/Kerti	12,4%	1,4%	2,4%
Timbur	0,0%	0,1%	18,9%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%

Tafla 9. Ítarleg samantekt á tilraunasvæðum í Skaftárhreppi 2020

Tilrauna svæði	Verkheiti tilrauna svæðis	Sorpaðferð	Athugasemdir	Breytur	Spurningar	Samanburður
Álftaver	SV1	Sorp sótt eftir föstum dagsetningum, Almenna tunnan og endurvinnslutunna sótt einu sinni í mánuði. Tunna veitt að láni til moltugerðar heima við.	Almenna tunnan er sótt helmingi sjaldnar en gert er í dag og endurvinnslutunna tvöfalt oftar. Hvatinn er þá að endurvinna meira og draga úr blandaða úrganginum með aukna flokkun og moltugerð. Með því að veita tunnu til moltugerðar þá er vonast til að sjá aukna þátttöku í moltugerð heima við.	Mikil þjónusta, ekki stuðst við snjalllausnir, engir hvatar, meiri áhersla lögð á flokkunarefni og minni áhersla á blandaðan úrgang	Hvernig breytist flokkun við það að setja hirðslu flokkunarefna í forgang? Eru íbúar jákvæðari yfir breytingunum ef þjónustustiginu er haldið að mestu leiti óbreyttu? Hvetur það að sveitarfélagið útvegi tunnu til moltugerðar, og þá að hvaða leyti? Eykst/dregst úr matarsóun þegar fólk moltugerir lífræna úrganginn sinn?	Hver er munur á moltugerð milli svæða SV1 og SV2? Eykst/dregst úr meira eða minna matarsóun á SV2 miðað við SV1?
Skaftártunga, Meðalland, Landbrot	SV2	Sorp sótt eftir föstum dagsetningum, Almenna tunnan endurvinnslutunna sótt einu sinni í mánuði. Íbúar eru hvattir til að vera með sína eigin moltugerð heima við, þau fá hins vegar ekki tunnu frá sveitarfélaginu til þess.	Almenna tunnan er sótt helmingi sjaldnar en gert er í dag og endurvinnslutunna tvöfalt oftar. Hvatinn er þá að endurvinna meira og draga úr blandaða úrganginum með aukna flokkun og moltugerð. Enginn tunna lánuð hér, ástæðan er til að sjá hvort það sé marktækur munur á þátttöku með því að veita tunnu til moltugerðar líkt og gert er í Álftaveri eða hvort aðrir þættir spila inn í.	Mikil þjónusta, ekki stuðst við snjalllausnir, engir hvatar, meiri áhersla lögð á flokkunarefni og minni áhersla á blandaðan úrgang		
Fljótshverfi	SV3	Tunnur fjarlægðar og grenndarstöð sett upp á Vallavegi með snjallmælum. Þar verða gámar fyrir plast, pappír og pappi, lífrænt, gler, rafhlöður, málmar og	Gámar á grenndarstöð verða útbúnir með snjallmælum þannig að gámar ættu aldrei að yfirfyllast. Ferðamenn hafa aðgang að gámasvæðinu líkt og heimili, og fyrirtæki hafa aðgang á ákveðnum tíma dags. Hvati er umhverfis- og efnahagslegur fyrir íbúa, en það er spurning hvort það sé nóg til þess að fá fólk til þess að skila af sér flokkuðum úrgangi. Íbúar eru hvattir til þess	Lítill þjónusta, stuðst við snjalllausnir, hvatar eru lægri sorphirðugjöld og meiri umhverfisávinningur, fleiri endurvinnsluflokkar	Hefur það áhrif á líðan íbúa að hætta að sækja úrgang heim að dyrum? Hefur það áhrif á flokkun að þurfa að fara með efnin nokkra kílómetra? Eykst eða minnkar flokkun við að þurfa að taka efnin saman og keyra með þau á stað þar sem hægt er að flokka í fleiri flokka	Hver er munur á flokkun og ánægju milli íbúa SV3 og SV4? Hefur aðgengi að nákvæmari flokkun aukið flokkun? Hefur

		raftæki og blandaður úrgangur.	að búa til moltu heima við. Hér verður að vera skýrt að dregið verði úr umhverfisáhrifum og sorphirðugjöldum og vænlegast væri að koma upp PAYT kerfi ef það á að nota það til frambúðar.		en hægt var heima að dyrum. Hver verður breytingin á keyrsla á stórum bifreiðum við sorphirðu og hver er kostnaðarmunurinn samanborið við núverandi kostnað?	aukin keyrsla áhrif á úrgangsmýndun, ánægju eða flokkun?
Síða	SV4	Tunnur fjarlægðar og íbúar nýta sér gámasstöðina á Kirkjubæjarklaustri. Þar verða gámar fyrir plast, pappír og pappi, lífrænt, gler, rafhlöður og raftæki, málma, timbur, litað timbur, garðaúrgang, nytjahlutir, spilliefni og blandaður úrgangur.	Gámar á grenndarstöð verða ekki útbúnir með snjallmælum. Ferðamenn og fyrirtæki hafa aðgang að gámasvæðinu líkt og heimili. Hvati er umhverfis- og efnahagslegur fyrir íbúa, en það er spurning hvort það sé nóg til þess að fá fólk til þess að skila af sér flokkuðum úrgangi. Íbúar eru hvattir til þess að búa til moltu heima við. Hér verður að vera skýrt að dregið verði úr umhverfisáhrifum og sorphirðugjöldum og vænlegast væri að koma upp PAYT kerfi ef það á að nota það til frambúðar.	Lítill þjónusta, stuðst við snjalllausnir, hvatar eru enn lægri sorphirðugjöld og enn meiri umhverfisávinningur, enn fleiri endurvinnsluflokkar	Hefur það áhrif á líðan íbúa í dreifbýli að hætta að sækja úrgang heim að dyrum? Hefur það áhrif á flokkun að þurfa að fara með efnin nokkra kílómetra? Eykst eða minnkar flokkun við að þurfa að taka efnin saman og keyra með þau á stað þar sem hægt er að flokka í fleiri flokka en hægt var heima að dyrum?	
Kirkjubæjarklaustur, Skaftárvellir	SV5	Tunna fyrir blandaðan úrgang og lífrænan úrgang verður staðsett fyrir miðju hverfisins með skynjurum. Sorphirða á endurvinnsluefnum verða við heimilin. Tunnurnar þrjár sem staðsettar eru heima hjá íbúum verða einungis nýttar fyrir endurvinnslu efni. Plast í eina tunnu, pappír og pappi í annarri og svo raftæki,	Góð þjónusta er veitt til íbúa hvað varðar endurvinnsluefni og lítill þjónusta veitt hvað varðar blandaðan úrgang. Þetta er gert í von um að styrkja flokkun, setja hana í forgrunn og gera hana eðlilegri en að henda blönduðum úrgang. Íbúar eru hér hvattir til moltugerðar, en ef þeir vilja frekar sleppa því stendur til boða að henda lífrænum úrgangi í tunnu sem er staðsett við hlið blandaða úrgangsins.	Að hluta til mikil þjónusta, að hluta stuðst við snjalllausnir, engir hvatar, meiri áhersla lögð á flokkunarefni	Hvaða áhrif hefur það að fjarlægja tunnu fyrir blandaðan úrgang? Eykst flokkun? Dregur úr blönduðum úrgang? Dregur úr lífrænum úrgangi? Dregur úr kaupum á umbúðum?	Hver er munurinn á flokkun á svæði SV5 og SV1? Og SV5 og SV2?

		rafhlöður, málmar og gler í þeirri þriðju.				
Kirkjubæjar-klaustur vestan verzlunar	SV6	Sorphirða verður hætt heim til íbúa. Þess í stað verða tunnur dreifðar um bæinn nálægt íbúðarhúsum (sjá mynd X með staðsetningu). Hér verður hægt að fara með sömu efni og í SV5, nema allt á einum stað. Flokkunin er eins og í SV3, nema allt í göngufæri frá íbúum.	Minni þjónusta veitt, endurvinnsluefni, lífrænn úrgangur og blandaður úrgangur sett hlið við hlið í göngufæri frá íbúum. Hér eru endurvinnsluefni ekki sett í forgrunn, helstu hvatar til flokkunar felast í félagslegum stuðningi frá nágrönnum og fleiri endurvinnsluflokkar standa til boði í samanburði við núverandi kerfi.	Lítill þjónusta, stuðst við snjalllausnir, hvatar eru lægri sorphirðugjöld og meiri umhverfisávinningur, fleiri endurvinnsluflokkar	Eru færri sem moltugera heima við ef það þarf að ganga með öll efni á flokkunarstöð? Hvernig er ánægja íbúa með umhverfis- og efnahagslega hvata? Dregst úr blönduðum úrgangi? Hvernig er ánægð íbúa í samanburði við SV6?	Hver er munurinn á flokkun, ánægju með efnahagslega hvata og flækjustigi í samanburði við svæði SV6 og SV5? Hver er munurinn á flokkun á svæði SV6 og SV3 og SV2?

Viðauki – Niðurstöður eftir svæðum des 2020

Tafla 10. Samsetning blandaðs úrgangs á Kirkjubæjarklaustri, austan verslunar í desember 2020

Skaftárhreppur: Samsetning blandaðs úrgangs Kirkjubæjarkl. Austur, des 2020	
Lífrænn úrgangur	59,0%
Bleyjur/Ryksugupokar	26,5%
Plast	8,5%
Pappír	2,4%
Málmar	1,6%
Textíll/Kerti	1,4%
Spilliefni/Raftæki	0,5%
Skilagj.sk.drykkjarv.umbúðir	0,1%
Timbur	0,1%
Steinefni	0,0%
Samtals	100%

Tafla 11. Samsetning blandaðs úrgangs á Kirkjubæjarklaustri, vestan verslunar í desember 2020

Skaftárhreppur: Samsetning blandaðs úrgangs Kirkjubæjarkl. Vestur, des 2020	
Lífrænn úrgangur	25,0%
Timbur	18,9%
Steinefni	15,6%
Bleyjur/Ryksugupokar	12,9%
Plast	11,2%
Pappír	10,6%
Spilliefni/Raftæki	2,6%
Textíll/Kerti	2,4%
Málmar	0,8%
Skilagj.sk.drykkjarv.umbúðir	0,0%
Samtals	100%

Tafla 12. Samsetning blandaðs úrgangs í Álftaveri í desember 2020

Skaftárhreppur: Samsetning blandaðs úrgangs

Álftaver, des 2020

Lífrænn úrgangur	45,0%
Bleyjur/Ryksugupokar	11,9%
Textíll/Kerti	11,7%
Timbur	11,6%
Plast	9,7%
Pappír	6,6%
Málmar	2,4%
Steinefni	0,7%
Spilliefni/Raftæki	0,3%
Skilagj.sk.drykkjarv.umbúðir	0,2%
Samtals	100%

Tafla 13. Samsetning blandaðs úrgangs á Gámavöllum í desember 2020

Skaftárhreppur: Samsetning blandaðs úrgangs

Gámavöllur, des 2020

Lífrænn úrgangur	34,1%
Textíll/Kerti	18,3%
Plast	13,7%
Bleyjur/Ryksugupokar	10,1%
Steinefni	9,4%
Pappír	5,6%
Spilliefni/Raftæki	4,5%
Skilagj.sk.drykkjarv.umbúðir	1,6%
Málmar	1,6%
Timbur	1,0%
Samtals	100%

Tafla 14. Samsetning blandaðs úrgangs í Fljótshverfi í desember 2020

Skaftárhreppur: Samsetning blandaðs úrgangs

Fljótshverfi, des 2020

Bleyjur/Ryksugupokar	30,0%
Plast	15,7%
Lífrænn úrgangur	13,7%
Steinefni	10,0%
Pappír	9,8%
Textíll/Kerti	6,4%
Skilagj.sk.drykkjarv.umbúðir	5,4%
Timbur	3,9%
Málmar	2,8%
Spilliefni/Raftæki	2,3%
Samtals	100%

Tafla 15. Samsetning blandaðs úrgangs í Skaftártunga, Meðallandi og Landbroti í desember 2020

Skaftárhreppur: Samsetning blandaðs úrgangs

Skaftártunga, Meðalland, Landbrot, des 2020

Lífrænn úrgangur	39,6%
Steinefni	20,4%
Bleyjur/Ryksugupokar	15,4%
Plast	12,1%
Pappír	4,0%
Málmar	3,6%
Skilagj.sk.drykkjarv.umbúðir	2,6%
Timbur	1,7%
Textíll/Kerti	0,3%
Spilliefni/Raftæki	0,2%
Samtals	100%

Tafla 16. Samsetning flokkaðs úrgangs á Kirkjubæjarklaustri í desember 2020

Skaftárhreppur: Samsetning flokkaðs úrgangs

Kirkjubæjarklaustur, des 2020

Pappír	70,7%
Plast	27,2%
Spilliefni/Raftæki	1,0%
Bleyjur/Ryksugupokar	0,6%
Steinefni	0,4%
Málmar	0,2%
Textíll/Kerti	0,0%
Lífrænn úrgangur	0,0%
Skilagj.sk.drykkjarv.umbúðir	0,0%
Timbur	0,0%
Samtals	100%

Tafla 17. Samsetning flokkaðs úrgangs í Álftaveri í desember 2020

Skaftárhreppur: Samsetning flokkaðs úrgangs

Álftaver, des 2020

Pappír	64,5%
Steinefni	16,3%
Málmar	9,6%
Plast	9,4%
Spilliefni/Raftæki	0,1%
Skilagj.sk.drykkjarv.umbúðir	0,0%
Textíll/Kerti	0,0%
Timbur	0,0%
Lífrænn úrgangur	0,0%
Bleyjur/Ryksugupokar	0,0%
Samtals	100%

Tafla 18. Samsetning flokkaðs úrgangs á Gámavöllum í desember 2020

Skaftárhreppur: Samsetning flokkaðs úrgangs

Gámavöllur, des 2020

Pappír	83,7%
Plast	9,2%
Lífrænn úrgangur	4,4%
Málmar	1,5%
Textíll/Kerti	0,6%
Steinefni	0,4%
Skilagj.sk.drykkjarv.umbúðir	0,1%
Spilliefni/Raftæki	0,1%
Timbur	0,0%
Bleyjur/Ryksugupokar	0,0%
Samtals	100%

Tafla 19. Samsetning flokkaðs úrgangs í Fljótshverfi í desember 2020

Skaftárhreppur: Samsetning flokkaðs úrgangs

Fljótshverfi, des 2020

Pappír	52,5%
Plast	41,5%
Málmar	4,4%
Bleyjur/Ryksugupokar	0,8%
Spilliefni/Raftæki	0,6%
Textíll/Kerti	0,2%
Skilagj.sk.drykkjarv.umbúðir	0,0%
Steinefni	0,0%
Timbur	0,0%
Lífrænn úrgangur	0,0%
Samtals	100%

Tafla 20. Samsetning flokkaðs úrgangs í Skaftártungu, Meðallandi og Landbroti í desember 2020

Skaftárhreppur: Samsetning flokkaðs úrgangs

Skaftártunga, Meðalland, Landbrot, des 2020

Pappír	72,4%
Plast	26,8%
Textíll/Kerti	0,6%
Spilliefni/Raftæki	0,3%
Skilagj.sk.drykkjarv.umbúðir	0,0%
Málmar	0,0%
Steinefni	0,0%
Timbur	0,0%
Lífrænn úrgangur	0,0%
Bleyjur/Ryksugupokar	0,0%
Samtals	100%